

# Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

## Samráðsáætlun

### Forsendur

Frá því núgildandi stjórnunar og- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Dynjanda tók gildi árið 2015 hafa aðstæður á og að svæðinu breyst umtalsvert. Ástæða þótti því til að hafist yrði handa og var endurskoðun áætlunarinnar sett í fyrsta forgang hjá Umhverfisstofnun. Gildandi verndaráætlun tekur t.a.m. ekki með beinum hætti á þeim álagsvöldum sem eru til staðar á svæðinu í dag og er því að hluta til þegar orðin úrelt.

### Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar. Undirbúningur við endurskoðun áætlunarinnar hófst á haustmánuðum 2023 og er stefnt að því að ný áætlun líti dagsins ljós haustið 2024.

Í ofangreindri stefnumótun er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlunir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is).

### Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en í samstarfshópi um gerð áætlunarinnar eiga einnig sæti fulltrúar frá Framkvæmdasýslunni Ríkiseignum, Ísafjarðarbæ, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

### Samráðs- og hagsmunaaðilar

Við vinnslu stjórnunar- og verndaráætlunar er lögð mikil áhersla á samráð og vinnur samstarfshópurinn greiningu á þeim aðilum sem gætu átt hagsmuna að gæta eða búið yfir sértækri þekkingar innan friðlýsta svæðisins.

Þeir aðilar sem verða upplýstir og/eða óskað verður eftir frekara samráði við vegna vinnslu áætlunarinnar eru eftirtaldir:

AECO: The Association of Arctic Expedition Cruise Operators	Björgunarsveitin Björg
Beffa Tours	Björgunarsveitin Ernir
Björgunarsveitin Blakkur	BS Tours
Björgunarsveitin Kópur	Cruise Iceland
Björgunarsveitin Tálkni	Cycling Westfjords
Björgunarsveitin Lómur	Eaglefjord
Björgunarsveitin Dýri	Ferðafélag Ísfirðinga
Björgunarsveitin Sæbjörg	Ferðafélag Íslands
Björgunarsveitin Tindar	Ferðafélagið Útivist
Björgunarfélag Ísafjarðar	Ferðaklúbburinn 4x4

Ferðamálastofa	Minjastofnun
FETAR: Landsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í ferðisþjónu	Náttúrufæðistofnun
Félag leiðsögumanna	Náttúrustofa Vestfjarða
Fiskistofa	Náttúruverndarsamtök Íslands
Flugmálafélag Íslands	Náttúruverndarsamtök Vestfjarða
Fuglavernd	Odin Adventures
Hafrannsóknarstofnun Íslands	Orkubú Vestfjarða
Háskólaúsetur Vestfjarða	Raunvísindastofnun HÍ
Hestamannafélagið Stormur	Safn Jóns Sigurðssonar - Menningarsetur á Hrafnseyri
Hið íslenska náttúrufræðifélag	Samgöngustofa
Iceland backcountry travel	Samtök ferðaþjónustunnar
Íbúar	SAMÚT: Samtök útivistarfélaga
Ísafjarðarbær	Siglingasamband Íslands
Íslenski fjallahjólaklúbburinn	Skipulagsstofnun
Kayaklúbburinn	Skotvís
Landgræðslan	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Landhelgisgæslan	Tálknafjarðarhreppur
Landsnet	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Landssamband hestamannafélaga	Vegagerðin
Landssamband íslenskra vélsleðamanna	Vestfjarðastofa
Landssamtök hjólræðamanna	Vesturbyggð
Landsvirkjun	Vesturferðir
Landvarðafélag Íslands	West Travel
Landvernd	Westfjords adventures
Leiðsögn, félag leiðsögumanna	Westfjords Explorations
Lögreglan Vestfjörðum	Wild Westfjords
Markaðsstofa Vestfjarða	